

Sp.

295. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Ingólfur Jónsson, Bjarni Benediktsson, Gísli Sveinsson, Sveinbjörn Högnason, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Einar Olgeirsson, Sigfús Sigurhjartarson, Magnús Jónsson, Brynjólfur Bjarnason, Helgi Jónasson, Jóhann P. Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað hefja byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá hjá Selfossi. Skal gerð og styrkleiki brúarinnar miðast við hinar hraðvaxandi flutningaþarfir, er þar koma til greina.

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að láta nú þegar bæta úr þeim erfiðleikum, eftir því sem frekast eru föng á, er hrun Ölfusárbrúarinnar hefur valdið við daglega flutninga, unz hin nýja brú er fullgerð. Skal fyrst og fremst og án nokkurs undandráttar fara fram rækileg athugun um bráðabirgðabré á Ölfusá eða ferju á hana hjá Selfossi, svo og endurbætur á Hrunamannahreppsveginum að Brúarhlöðum.

Allan kostnað við byggingu brúarinnar og önnur þau framkvæmdaratriði, er tillaga þessi fjallar um, heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Málefni það, er tillaga þessi lýtur að, er svo mikilvægt, aðkallandi og almenníngi kunnugt, að skýringa er eigi þörf, umfram það, er tilefni kynni að gefast til, er málið verður rætt á Alþingi.